

Skólaakstur

Pant sinnir skólaakstri fyrir fatlaða grunnskólanemendur með lögheimili í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Sækja þarf um skólaakstur hjá deildarstjóra sérdeildar eða skólastjóra í upphafi skólagöngu.

Skólinn sendir Pant staðfestingu á að nemandinn hafi heimild til að nýta sér akstursþjónustuna.

Skólabyrjun


- Forráðamenn panta fastar ferðir til að tryggja stöðugleika
- Pantaður er mætingartími í skólann
- Nemendur í sama hverfi ferðast saman í skóla
- Bíllinn bíður í þrjár mínútur
- Fyrir stöðugleika skal panta fyrir hádegi síðasta virkan dag á undan

Hvenær nemandinn er sóttur á morgnana fer eftir því hve margir samnemendur eru í sama hverfi og hve langa leið hann þarf að ferðast í skólann. Fyrstu dagana á nýju skólaári þurfa nemendur að vera tilbúnir að fara í bíllinn 45 mínútum fyrir skólabyrjun og klukkustund áður ef þeir búa í Mosfellsbæ. Ef lítið er um breytingar á ferðunum kemst á tveimur til þremur vikum stöðugleiki á þær og bíllinn kemur á svipuðum tíma eftir það. Áætlaðan sækingsartíma er hægt að sjá á Mínum síðum en gera þarf ráð fyrir að bíllinn geti komið fimm mínútum fyrir eða tíu mínútum eftir áætlaðan tíma.

Ferðapöntun



Tveggja tíma fyrirvari



Tveggja tíma fyrirvari



Tólf tíma fyrirvari

Hvað gerist ef nemandinn mætir ekki í ferðina sína?

Ef nemandinn mætir ekki í ferðina sína þá falla allar aðrar ferðir niður þann daginn nema hringt sé inn og óskað eftir því að allar ferðir dagsins haldist. Því er mikilvægt að láta vita ef nemendur fara t.d. í skólann með öðrum hætti en vilja fara með akstursþjónustunni heim eða í frístund.

Mikilvægar upplýsingar fyrir bílstjóra

Mikilvægar upplýsingar fyrir bílstjóra eru sérstök skilaboð sem fylgja nemandanum í öllum ferðum. Þetta er gert til að tryggja enn frekar öryggi nemandans. Dæmi um skilaboð eru: „Er með flogaveiki“ – „Getur ekki tjáð sig en skilur vel þegar talað er við hann“ o.s.frv. Rétt er að taka fram að bílstjórar eiga alltaf að tryggja móttöku á nemendunum.

Mínar síður

- Sækja um aðgang á  pant.is
- Hægt að sjá pantaðar ferðir tvær vikur fram í tímann
- Afbóka ferðir
- Athugið að staða ferðar breytist í *Lokið* ef það er seinkun á bílnum.

Skólalok

Haustið eftir að grunnskóla er lokið þarf að sækja um þjónustuna að nýju hjá því sveitarfélagi sem nemandinn er með skráð lögheimili. Hægt er að sjá gjaldskrána á heimasíðu Pant.

Opnunartími þjónustuvers er:

Mán – fös.: kl. 09:00 – 16:00

Laugardaga: kl. 10:00 – 14:00

Sunnudaga: kl. 10:00 – 14:00

Utan opnunartíma þjónustuversins er eingöngu hægt að panta stakar ferðir, afpanta ferðir og fá svör við brýnum erindum.